



Fjölbrautaskóli  
Suðurlands  
Haustönn 2017

## FATN1SX05 Handmennt - Starfsbraut

<b>Kennarar:</b>	<b>Brynja Ingadóttir og Helga Jóhannesdóttir</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>BI og HJ</b>
------------------	--	---------------	---------------------

### Áfangalýsing:

Áhersla er lögð á þjálfun í mismunandi vinnubrögðum í tengslum við handmennt s.s. notkun saumavélar, útsaum, þrjónaskap, perla o.frv. Er þjálfunin tengd við aukna færni í fínhreyfingum og samhæfingu. Nemendur fá tækifæri til að auka færni sína á afmörkuðum sviðum innan greinarinnar sem getur nýst í daglegu lífi, tómstundum eða á vinnustað. Áhersla er lögð á að efla sjálfsöryggi, hugmyndflug, sköpunar- og vinnugleði nemandans. Viðfangsefnin eru miðuð við getu og þroska hvers nemanda.

**Undanfari:** Enginn

### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- hagnýtum vinnubrögðum sem nýtast honum í leik og starfi.
- einföldum þrjónaaðferðum, útsaumi, notkun saumavélar o.fl.
- vinnu með perlur frjálst og eftir mynstrum.
- vandvirkni við frágang.
- mikilvægi þess að geta haft ofan af fyrir sjálfum sér.

### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- hagnýtum vinnubrögðum tengdum ýmsu handverki.
- fara eftir uppskriftum við mismunandi handverk.
- fara eftir einföldu sniði til fatagerðar.
- ganga frá verkefnum (lokafrágangur).
- stytta sér stundir við ýmiss konar handverk.

### Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hafa ofan af fyrir sér með mismunandi handverk, sem metið er með leiðsagnarmati.
- vinna sjálfstætt ýmist handverk við hæfi, sem metið er með virkni í kennslustundum
- velja verkefni við sitt hæfi, sem metið er með virkni í kennslustundum og leiðsagnarmati.
- ganga snyrtilega frá verkefnum, fela enda o.frv., sem metið er með verklegum æfingum.

**Námsefni:**

Blöð og bækur sem tengjast ýmiskonar hönnun og handverki

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

Dæmi:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1	ca 18. - 21.ág.	Kynning og skipulag	Vinumappa vígð
2 - 3 4 - 18	ca 22.8. - 25.8. ca 4.9. - 24.11.	Hópaskipting og klippiverkefni Eigið handverk ákveðið og undirbúið. A.m.k. einn hlutur framleiddur og fullunninn	Klippiverkefni Skissa af eigin handverki, merkt og skýrt m stikkorðum
5 - 18	ca 11.9. - 1.12.	Vettvangsferð og sýning: Samtal um möguleika, áhuga og framkvæmd	Myndræn lýsing á viðburðum í áfanganum

**Sérreglur áfangans:**

1. Hver nemandi skal halda vinnumöppu og körfu utan um verkefni sín. Nemandi taki þátt í því að skipta persónulegri kennslu á milli sín á annarra nemenda, þ.e. að vinna sjálfstætt í vinnumöppu á meðan beðið er eftir aðstoð kennara.
2. Efnisgjald, kr. 7.000 skal greiðast á skrifstofu skólans. Nemandi fær efni í vinnumöppu og einfalda nytjahluti úr textíl, ásamt afnotum af öllum tækjum, áhöldum og efnivið sem Hönnunardeild FSu hefur yfir að ráða.

**Fyrirkomulag námsmats:**

Dæmi:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Símat	Símat í samstarfi nemenda og kennara. Leiðsagnarmat haft til hliðsjónar.	30%
Mæting og virkni	Nýting tímans metin með því að halda dagbók hópsins	70%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**